



Alþingi  
Erindi nr. P 139/29  
komudagur 28.10.2010

Nefndasvið Alþingis  
Allsherjarnefnd  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík 27. október 2010  
Tilvísun: 201010-0014


**Efni:** Frumvarp til laga um breytingu á lögum um meðferð einkamála, nr. 91/1991, 20. mál.

Alþýðusamband Íslands styður frumvarp þetta og þau sjónarmið sem fram koma í greinargerð með því. Leita ber allra leiða til þess að stuðla að því úr ágreiningi hér að lútandi verði leyst sem allra fyrst.

Virðingarfyllt,

Magnús M. Norðdahl hrl.  
Lögfræðingur ASÍ.

Alþingi  
Erindi nr. P 139/73  
komudagur 1. 11. 2010



Félag löggiltra  
endurskoðenda

Reykjavík 1. nóvember 2010  
Tilvísun FLE 30-2010

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

b/t Kristjönu Benediktsdóttur

**Málefni:** Frumvarp til laga um breytingu á lögum um meðferð  
einkamála nr 91/1991, 20 mál.

Með tölvupósti dags. 19. Október s.l. óskaði Allsherjarnefnd Alþingis eftir  
umsögn Félags löggiltra endurskoðenda (FLE) um ofangreint málefni.

Samkvæmt samþykktum félagsins sendi stjórnin ofangreint erindi til álitsnefndar  
FLE sem tók málið til umfjöllunar.

Álitsnefndin telur málið vera þess eðlis að félagið tekur ekki afstöðu til þess.

Virðingarfyllst,  
f.h. Félags löggiltra endurskoðenda

A handwritten signature in black ink, appearing to read 'Sigurður B. Arnþórsson'.

Sigurður B. Arnþórsson  
Frankvæmdastjóri FLE

# FJÁRMÁLAÆFTIRLITIÐ

Alþingi

Erindi nr. P 139/72

komudagur 4.11.2010

Alþingi  
B.t. nefndasviðs.  
v/ Austurvöll  
150 REYKJAVÍK

1. nóvember 2010

Tilvísun: 2010100062

## Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um meðferð einkamála (flýtimeðferð mála um gengistryggð lán), 20. mál.

Fjármálaeftirlitið vísar til tölvupósts nefndasviðs dags. 19. október sl. þar sem óskað er eftir umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um meðferð einkamála (flýtimeðferð mála um gengistryggð lán), 20. mál.


Fjármálaeftirlitið hefur yfirfarið frumvarpið. Fjármálaeftirlitið bendir á að tilgreining 1. gr. frumvarpsins á þeim málum sem fallið geta undir ákvæðið er óljós. Á það sérstaklega við um orðalagið „deilt um lögmæti þess að binda fjárskuldbindingu við verðlag“. Verðlag er ekki viðurkennd viðmiðun til útreiknings fjárkröfu og því er orðalagið illskiljanlegt.


Í greinargerð með frumvarpinu er fjallað um dóma Hæstaréttar sem féllu í sumar og haust og vörðuðu heimild til að binda fjárhæðir í íslenskum krónum við gengi erlendra gjaldmiðla. Segir svo að viðbúið sé að látið verði reyna eftir atvikum á önnur álitamál sem tengjast gengis- eða verðtryggingu lána fyrir dómstólum. Sé ætlunin með frumvarpinu að heimila einnig flýtimeðferð mála er snúa að lögmæti þess að verðtryggja fjárskuldbindingar er nauðsynlegt að kveða skýrar á um það í lagaákvæðinu.

Fjármálaeftirlitið veitir fyllri upplýsingar ef óskað er.

Virðingarfyllst,

FJÁRMÁLAÆFTIRLITIÐ

  
Unnur Gunnarsdóttir

  
Guðrún Finnborg Þórðardóttir

Alþingi  
Erindi nr. P 139/109  
komudagur 5.11.2010

CONSUMERS ASSOCIATION OF ICELAND  
ASSOCIATE MEMBER OF IC, BEUC and ICRT

  
NEYTENDASAMTÖKIN

Nefndasvið Alþingis  
Allsherjarnefnd  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

HVERFISGÖTU 105  
101 REYKJAVÍK

SÍMI 545 1200  
FAX 545 1212  
Netfang ns@ns.is  
www.ns.is


Reykjavík, 4. nóvember 2010.

**Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um meðferð einkamála nr. 91/1991 með síðari breytingum, 20. mál.**

Neytendasamtökin taka undir það sem fram kemur í athugasemdum við ofangreint frumvarp að enn ríkir óvissa um ýmis atriði er varða lögmæti ákveðinna tegunda lánessamninga. Eðli máls samkvæmt, og við þær aðstæður sem nú eru uppi, er afar brýnt að skorið verði úr þeirri réttaróvissu sem fyrst.

Neytendasamtökin styðja því eindregið ofangreint frumvarp og hvetja til samþykktar þess.

Virðingarfyllst,  
f.h. Neytendasamtakanna

  
Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Alþingi  
Erindi nr. E 139/74  
komudagur 1.11.2010



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

SFF  
SAMTÖKFJÁRMÁLAFYRIRTÆKJA  
Icelandic Financial Services Association

Reykjavík, 28. október 2010

Allsherjarnefnd Alþingis  
Nefndasvið  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

**Varðar: Frumvarp um breytingu á lögum um meðferð einkamála, nr. 91/1991, með síðari breytingum, 20. mál.**

SA og SFF hafa fengið til umsagnar ofangreint frumvarp og styðja samtökin lögfestingu ákvæða sem hafa það markmið að flýta meðferð dómsmála sem varða réttarágreiningu um lögmæti gengistryggðra lána. Bæði lánveitendur og lántakar hafa hag af því að leyst verði úr réttarágreiningu sem fyrst þannig að hjól efnahagslífisins taki að snúast af krafti á nýjan leik. Það er því mikilvægt að tryggja getu dómstóla til að vinna hratt úr þeim fjölda mála sem þeim munu berast á næstu misserum. Samtökin benda á að það má einnig gera með því að stofna sérstaka deild á héraðsdómsstigi sem fjallar um þessi mál. Með því eru líkur á að sérþekking muni byggjast upp innan dómstólanna á þessum málum og hraði í málsmeðferð aukast.

Virðingarfyllt,  
f.h. Samtaka atvinnulífsins

Halldór Árnason

f.h. Samtaka fjármálafyrirtækja

Jóna Björk Guðnadóttir



Alþingi  
Erindi nr. P 139/III  
komudagur 5.11.2010

4. nóvember 2010  
SI-67278

Nefndasvið Alþingis  
[nefndasvid@althingi.is](mailto:nefndasvid@althingi.is)  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

*Efni:* Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um meðferð einkamála, nr. 91/1991, með síðari breytingum, 20. mál á 139. löggjafarþingi (flýtimeðferð mála um gengistryggð lán).

Með tölvubréfi dags. 19. október 2010 óskaði nefndasvið Alþingis eftir umsögn Seðlabanka Íslands um ofangreint frumvarp.

Í athugasemdum við lagafrumvarpið kemur m.a. fram að með því sé lagt til að við 1. mgr. 123. gr. laga um meðferð einkamála, nr. 91/1991, bætist nýr málslíður sem mælir fyrir um það að dómsmál, þar sem deilt er um lögmæti þess að binda fjárskuldbindingu við verðlag eða við gengi gjaldmiðla skuli sæta flýtimeðferð.

Seðlabankinn lítur það jákvæðum augum að réttaróvissu um hvaða lán teljist gengistryggð og hver ekki verði eytt eins fljótt og auðið er. Hins vegar gerir bankinn athugasemd við orðalag 1. gr. frumvarpsins, þar sem vísað er til deilna um „lögmæti þess að binda fjárskuldbindingar við verðlag“. Hefðbundinn skilningur á slíkri tilvísun er sá að átt sé við verðtryggingu sparifjár og útlána. Verðtrygging hefur verið við lýði á fjórða áratug og á að vera nokkuð óumdeild. Ekki var deilt um hana í þeim dómsmálum sem vísað er til í greinargerð með frumvarpinu og ekki er fram komið að rekinn sé ágreiningur vegna hennar fyrir dómstólum. Því leggur Seðlabanki Íslands það til að felld verði úr út greininni orðin „við verðlag eða“.

Að öðru leyti gerir Seðlabanki Íslands ekki athugasemdir við tillöguna.

Virðingarfyllst  
SEÐLABANKI ÍSLANDS

Arnór Sighvatsson  
aðstoðarseðlabankastjóri

Sigríður Logadóttir  
aðallögfræðingur

Allsherjarnefnd  
b/t Elínar V. Þorsteinsdóttur  
Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 4. nóvember 2010.

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um meðferð einkamála, nr. 19/1991, með síðari breytingum, (20. mál).

*Viðskiptaráð þakkar fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreint frumvarp sem felur í sér tímabundið ákvæði í lög um meðferð einkamála vegna flýtimeðferðar mála um gengistryggð lán.*

Mjög mikilvægt er fyrir heimilin í landinu, atvinnulífið og samfélagið sem heild að fá úrlausn skuldavanda sem fyrst. Þegar sátt hefur náðst um úrlausn þessara mála verður stigið stórt skref í átt að endurreisn. Á mörgum vígstöðvum er unnið að því að leysa þann ágreining sem er uppi vegna skuldamála og er það sameiginleg von allra sem að málinu komi að það megi gerast með skjóttum hætti.

Meðal ágreinings sem er uppi er vegna gengistryggðra lána banka og lánaþyrtinga. Dómar hafa fallið og raddir háværar sem krefjast almennra aðgerða til að leysa úr þessum vanda. Boðað hefur verið frumvarp sem leysa á þau helstu vandamál er varða þessi lán og um leið að vera tilraun til að leysa frekari ágreining.


Takist þetta, verður að spyrja hvort þörf sé fyrir sértækar aðgerðir eins og ofangreint frumvarp felur í sér. Með almennum aðgerðum vegna gengistryggðra lána eins og boðaðar hafa verið má vonandi girða fyrir flest af þeim málaferlum sem von er á. Þau ágreiningsmál sem standa eftir fara þó væntanlega fyrir dómstóla en með vel heppnuðum aðgerðum verða það færri mál en ella.

Ákvæði frumvarpsins um að aðeins sé um tímabundna aðgerð sé að ræða er jákvæð í ljósi þess vanda sem það er ætlað að leysa. Um er að ræða mjög ákveðin mál sem þarf að leysa með sem sneggstum og bestum hætti, ekki er ástæða til að ákvæði sem þetta vari lengur.

Um leið verður að varpa fram þeirri spurning hvort ekki megi meta svo að úrræði sem þetta eigi að ná til allra skuldaúrlausnamála en ekki vera einskorðað við gengistryggð lán. Mun fleiri mál vegna skuldaúrlausnar bíða niðurstöðu dómstóla en aðeins þau er varða fyrrgreind lán. Rík ástæða er til að koma sem flestum málum varðandi skuldaúrlausn til úrlausnar með markvissum hætti eða að á þeim sé tekið með almennum aðgerðum. Vert er að skoða hvort ástæða sé til að setja tímabundið ákvæði sem kveður á um flýtimeðferð allra skuldaúrlausnamála.

Einnig verður að benda á í þessu samhengi ítrekaðar tilraunir Viðskiptaráðs til að fá hafna vinnu við endurskoðun á lögum um gerðardóm. Með virkari gerðardómi héraendis má verulega létta á því álagi sem hvílir á dómstólum landsins þegar kemur að einkaréttarlegum ágreiningi. Vilji ráðsins til samstarfs við slíka endurskoðun er á réttaður hér.

Virðingarfyllt,



---

Þórdís Bjarnadóttir  
Lögfræðingur  
Viðskiptaráð Íslands